

Mánudaginn 4. nóvember 1918.

43/1918.

Magnús Guðmundsson
gegn
Torfa J. Tómassyni.

D ó m u r :

Í víxilmáli þessu milli stefnda Torfa J. Tómas-
sonar og áfrýjanda Magnúsar útgerðarmanns Guð-
mundssonar var dómur uppkveðinn fyrir gestarétti
Reykjavíkur 14. desbr. f. á. á þá leið, að Magnús
Guðmundsson var dæmdur til að greiða Torfa J.
Tómassyni 1009 kr. 37 a. og málskostnað að skað-
lausu, en fjárhæð þessi var upphæð víxils með vöxt-
um og afsagnarkostnaði, er Torfi J. Tómasson hafði
gefið út 12. sept. 1917 með gjalddaga 12. nóvember
næst á eftir og Magnús Guðmundsson hafði samþykkt.
Dómhafi krafðist síðan fjárnáms eftir dómnum fyrir
fógetarétti Reykjavíkur 12. júní þ. á., en þar komu
fram mótmæli af hálfu rekvisiti og um þau mótmæli
úrskurðaði fógetarétturinn 14. s. mán., að þau yrðu
ekki tekin til greina; fjárnámsgjörðinni var þá þó
frestað eftir ósk dómhafa. Nefndum gestaréttardómi
og fógetaréttarúrskurði hefir Magnús Guðmundsson
skotið til yfirdómsins tvívegis, en hið fyrra málsskot
hans fór svo, að málinu var vísað frá yfirréttinum
með dómi 15. júlí þ. á. Nú hefir hann aftur skotið
málinu til yfirdómsins með stefnu útgefinni 8. ágúst
þ. á. og gjört þær réttarkröfur, að gestaréttardóm-
um verði hrundið og breytt þannig, að hann verði
algerlega sýknaður í málinu, að fógetaréttarúrskurð-
urinn verði úr gildi feldur, og að honum verði til-

dæmdur málskostnaður fyrir báðum dómum eftir mati réttarins. Stefndi Torfi J. Tómasson hefir eigi mætt fyrir yfirréttinum og enginn fyrir hans hönd, þótt löglega sé stefndur, og verður þá að dæma málið eftir þeim gögnum og skilríkjum, sem áfrýjandi hefir lagt fyrir réttinn, samkvæmt N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796 2 gr.

Áfrýjandi rökstyður sýknukröfu sína með því, að hann hafi eigi getað skuldbundið sig löglega eftir víxilrétti, er hann ritaði samþykki sitt á áðurnefndan víxil, útgefinn 12. septbr. 1917, með því að hann hafi þá verið ófjárráða, enda er það sannað í málinu með fæðingarvottorði, að hann er fæddur 21. jan. 1894 og hefir þannig eigi verið orðinn fullra 24 ára, er hann ritaði samþykki sitt á víxilinn; hann gat því eigi skuldbundið sig svo löglegt væri, án samþykkis tilsjónarmanns, en það hefir eigi verið fengið. Að vísu kom þessi varnarástæða eigi fram fyrir gestaréttinum, en fyrir fógætaréttinum kom áfrýjandi fram með hana og færði rök fyrir henni. Enda verður nú að taka þessa vörn í málinu til greina og þar af leiðandi að sýkna áfrýjanda fyrir kröfum stefnda; jafnframt er fógætaréttar-úrskurðurinn úr gildi feldur. Eftir málavöxtum virðist málskostnaður í héraði eiga að falla niður, en málskostnað fyrir yfirdómi greiði stefndi áfrýjanda, og ákveðst hann 50 kr.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Magnús Guðmundsson á að vera

sýkn af kröfum stefnda Torfa J. Tómassonar í máli þessu. Hinn áfrýjaði fógetaréttar-úrskurður skal úr gildi feldur. Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi 50 kr., áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 11. nóvember 1918.

17/1918.

Tómas Tómasson
 gegn
 Sturlu Jónssyni.

D ó m u r :

Stefndi Sturla kaupmaður Jónsson í Reykjavík höfðaði mál þetta fyrir gestarétti Árnassýslu gegn áfrýjanda Tómasi bónda Tómassyni í Brattholti í Biskupstungum til viðurkenningar um löglegt framboð á 750 kr. leigu 1. sept. 1912 samkvæmt samningi um leiguréttindi yfir Gullfossi dags. 9. marz 1909, svo og til viðurkenningar á gildi nefnds leigusamnings gagnvart áfrýjanda. Lauk málinu í héraði með dómi gestaréttarins, uppkveðnum 21. febr. þ. á., á þá leið að samningurinn frá 9. marz 1912 (ritvilla fyrir 1909) um leigu á Gullfossi skyldi teljast fullgildur og bindandi fyrir stefnda (Tómas Tómasson) gagnvart stefnanda (Sturlu Jónssyni), og tilboð það um greiðslu á 750 kr. — 5 ára leigu fyrir Gullfoss